

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

1. gr.

Við bráðabirgðaákvæði I við reglugerðina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Ef Jöfnunarsjóður úthlutar ekki fjármagni skv. 4. mgr. skal Jöfnunarsjóður úthluta ráðstöfunar-
fjármagninu eða því sem eftir stendur með viðbótarframlagi til sveitarfélaga, allt að því marki sem
annað hvort:

- a. Staðgreiðsla íbúa í sveitarfélaginu fyrstu tíu mánuði ársins 2021 er lægri en á sama tímabili
árið 2020, verðleiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis.
- b. Mismunur er á tekjustofnum sveitarfélags á hvern íbúa, að fráðregnum framlögum Jöfnunar-
sjóðs og 93% vegins meðaltals sömu stærðar fyrir öll sveitarfélög.

Viðbótarframlög skv. 5. mgr. skulu reiknast út frá þeirri fjárhæð sem reynist lægri skv. a- eða b-
lið 5. mgr. og á grundvelli margfeldis eftirfarandi forsenda sem telst skiptigrunnur úthlutunarinnar:

1. Reiknaðri hlutfallsbreytingu á staðgreiðslu íbúa sveitarfélags fyrstu tíu mánuði ársins 2021
samanborið við sama tímabil árið 2020, leiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis.
2. Reiknuðum hlutfallsmun á fjárhæð tekjustofna hvers sveitarfélags, að fráðregnum framlögum
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, á hvern íbúa fyrir árið 2020 og 93% meðaltals sömu stærðar fyrir
öll sveitarfélög.
3. Íbúafjölda sveitarfélaga.

Úthlutunarupphæðinni er ráðstafað hlutfallslega til sveitarfélaga á grundvelli skiptigrunnans, af
því fjármagni sem er til ráðstöfunar og að því marki sem sveitarfélög geta notið framlagsins.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995
og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. desember 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.